

Föstudaginn 4. apríl 1986.

Nr. 118/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Jóhanni Þórisssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 27. mars sl. er barst Hæstarétti 1. þ.m. Krefst hann þess að úrskurðinum verði hnekkt. Kæra er heimil samkvæmt 1. og 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. mars 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 27. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með vísan til 1., 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 gert þá kröfu, að kærði Jóhann Þórisson, fæddur 27. júní 1959, Miðbraut 18, Seltjarnarnesi, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. apríl nk. kl. 17:00 vegna gruns um brot gegn 232., 233. og 257. gr. alm. hegningarlaga. Jafnframt er þess krafist, að kærði verði úrskurðaður til að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn samkvæmt d-lið 2. tl. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði hefur mótmælt gæsluvarðhaldskröfunni.

Málavextir:

Kærði var í sambúð með Laufeyju Jóhannsdóttur, Álftamýri 15, Reykjavík, í um 4 ár, uns Laufey flutti frá kærða í september 1984. Hinn 15. júní 1985 ól Laufey dóttur þeirra kærða, og hefur barnið dvalið hjá móður

sinni, sem nú býr hjá foreldrum sínum. Eftir sambúðarslitin hefur kærði margítrekað veist að Laufeyju og fjölskyldu hennar, fyrst í september 1984, síðan í október og nóvember 1985 og í janúar, febrúar og mars 1986. Hann hefur haft í hótunum við fjölskyldu Laufeyjar, m.a. lífláts- og sprengjuhótunum, og ennfremur valdið margvíslegum skemmdum á eignum fjölskyldunnar. Hafa síðustu aðgerðir hans virst ofstopafyllri en áður. Auk þess hefur kærði valdið þessu fólki verulegu ónæði með símhringingum, jafnt um daga sem nætur, þar sem hann hefur m.a. haft í frammi óviðeigandi orðbragð og hótanir.

Kærði hefur ekki gefið aðrar skýringar á framkomu sinni en þær, að hann geti ekki sætt sig við hvernig forræði barns þeirra Laufeyjar er háttað og að fjölskylda hennar hafi stíð þeim í sundur.

Lögreglan hefur oft þurft að hafa afskipti af kærða af þessum sökum. Hinn 15. janúar sl. var honum veitt lögregluáminning samkvæmt 1. mgr. 232. gr. alm. hegningarlaga, en í skýrslu, sem hann gaf hjá RLR nokkru áður þann dag og hefur staðfest fyrir dómi, lýsti hann því yfir, að hann væri „staðráðinn í að ná sér niðri á þessu fólki.“

Fyrir dómi í gær kvaðst kærði ætla að fela lögmanni að ná fyrir sig samkomulagi um forræði barnsins.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 232., 233. og 257. gr. alm. hegningarlaga. Kærði hefur við yfirheyrslur hjá lögreglu játað brot sín greiðlega, og eru málin þannig vaxin, að ekki þykja vera fyrir hendi skilyrði til að beita gæsluvarðhaldi á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Á hinn bóginn þykir háttsemi kærða, bæði áður og eftir að hann sætti lögregluáminningunni, svo og einbeittur og yfirlýstur vilji hans, sem fram kemur í skýrslum hans, til að vinna fjölskyldu Laufeyjar Jóhannsdóttur tjón, gefa ástæðu til að ætla, að kærði muni ekki láta af þessari háttsemi ef hann verður látinn laus meðan málum hans er ekki lokið. Þykir því rétt, með vísan til 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, að taka gæsluvarðhaldskröfuna til greina að fullu.

Framferði kærða og skýringar hans á því eru þess eðlis, að rétt þykir að taka einnig til greina kröfu RLR um að kærði verði látinn sæta geðheilbrigðisrannsókn.

Ú r s k u r ð a r o ð:

Kærði, Jóhann Þórisson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. apríl 1986 kl. 17:00.

Kærði skal gangast undir geðheilbrigðisrannsókn.